



Menntaskólinn í Reykjavík

Kennsluáætlun: Enska 4. bekkur náttúrufræðibrautar – ENSK2OM08

Kennarar: Hilmar Guðlaugsson (hilmar@mr.is), Sigríður Aðils Magnúsdóttir (sigadils@mr.is)

Markmið: Að nemendur

- auki orðaforða sinn í ensku
- kynnist málfari sem tengist raunvísindum
- fái yfirsýn yfir enska málfræði
- geti lesið enskar smásögur og skáldsögur í upphaflegri gerð á nútímamáli. Miðað er við sögur með tiltölulega einföldum söguþræði
- geti tjáð sig um dagleg málefni og óhlutbundin efni í tengslum við námsefni æfist í hlustun
- geti ritað stuttar ritgerðir um bækur sem hann les, ritað sendibréf og gert útdrætti úr lesnu efni

Kennslugögn:

- **Enskuhefti English Reader- handa 4.bekk náttúrufræðibrautar:** (fjölrit MR).
- **Bækur:** *The Curious Incident of the Dog in the Night-time* by Mark Haddon and *The Importance of Being Earnest* by Oscar Wilde
- **Skrifleg og munnleg verkefni**

Námsmat:

Í námskeiðinu er símat sem byggist á munnlegri frammistöðu, virkni í kennslustundum og ýmsum prófum og verkefnum á námstíma og skiptist þannig í lok annar: Orðaforði **20%**; Ritun og önnur verkefni - **15%**; *The Curious Incident of the Dog in the Night-time* – **15%**; *The Importance of Being Earnest*– **15%**; Fyrirlestur – **10%**; Hlustun – **5%**; Ástundun – **20%**

ATH: Vegna þeirrar óvissu sem fylgir Covid-19 gæti námsmatið tekið breytingum með stuttum fyrirvara.

Athugið: Almennar vinnureglur:

- Nemandi verður að hafa allar nauðsynlegar námsbækur meðferðis í hvern tíma.
- Mæti nemandi ítrekað bókarlaus eða án heimanáms verður honum vísað úr tíma.
- Mikilvægt er að nemendur séu virkir í tímum, en gæti sín á því að grípa ekki fram í hver fyrir öðrum.
- Sé nemandi tekinn upp í námsefni, skulu aðrir nemendur bíða með svör og spurningar þar til viðkomandi hefur svarað spurningum kennara um efnið.